

- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4% af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 22% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 41%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 390 19. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

24. janúar 1980.

Nr. 66.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóra um tollmeðferð ryðvarnarefna.

Ráðuneytið tilkynnir tollstjórum hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lækka toll í 20% af ryðvarnarefnum sem flokkast í tnr. 38.19.49 til samræmis við hliðstæðar vörur sem flokkast í tnr. 27.10.82.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1980.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

7. janúar 1980.

Nr. 67.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 4. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess.